

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1, 101 Reykjavík



9. nóvember 2023

Umsögn um framtíð friðlands í Vatnsfirði

Erindið er tvíþætt, í fyrsta lagi er óskað eftir umsögn félagsins um erindi Orkubús Vestfjarða sem snýr að affriðlýsingu hluta friðlandsins í Vatnsfirði. Síðari hluti erindisins snýr að umsögn félagsins um greinargerð um áhrif Vatnsdalsvirkjunar á Friðland í Vatnsfirði.

Erindi Orkubús Vestfjarða um affriðlýsingu Vatnsfjarðar

Erindi Orkubús Vestfjarða til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra er af þeim meiði að upp vakna spurningar um hvort stjórnendur orkubúsins átti sig ekki á því til hvers friðlýsingar eru. Markmið þeirra er einmitt að vernda náttúruna gegn hugmyndum sem þessum. Afnáam friðlýsingar er aðeins heimil ef verndargildi minjanna eða svæðisins hefur rýrnað eða ef mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess sem er ekki að skipta í þessu tilviki.

Þau rök sem borin eru á borð um að bæta þurfi raforkuöryggi á Vestfjörðum eru góðra gjalda verð. Sé ætlunin orkubúsins að bæta raforkuöryggi Vestfjarða með aukinni raforkuframleiðslu er hins vegar rétt að benda stjórnendum orkubúsins og ráðherra á nú þegar eru tvær virkjanahugmyndir í orkunýtingarflokki rammaáætlunar á svæðinu. Á meðan þær eru til staðar verður ekki séð að brýnir almannahagsmunir kalli á að friðlönd verði affriðlýst og þeim sökkt.

Þá er það villandi að mati Landvarðafélagsins að draga aðeins þessa virkjanahugmynd fram í dagsljósið sem tækifæri til að bæta raforkuöryggi en ekki allar mögulegar leiðir sem gætu unnið að því markmiði á Vestfjörðum. Ef meiningin er að leiða fram hvaða leiðir eru sjálfbærastar í þeim efnunum þyrfti að meta þær saman með tilliti til náttúru, efnahags og samfélags. Ekki verður séð að það hafi verið gert í þessu tilviki.

Sé það einlægur ásetningur Orkubús Vestfjarða að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum væri því í lófa lagið að hlutast frekar um það hjá ráðherra að komið verði á nauðsynlegri hringtengingu raforku á Vestfjörðum og endurbótum á áratugagömlu raforkuflutningskerfi heldur en að affriðlýsa friðlönd og sökkva þeim.

Í erindi Orkubús Vestfjarða er látið að því liggja að meginforsenda friðlýsingarinnar og markmið hennar séu verndun birkiskógar í Vatnsfirði en lítið skeytt um aðra þætti. Sú ályktun er dregin af lestri 35 ára gamallrar greinar sem birtist í dagblaði. Það sætir furðu að ályktun sem dregin er á svo hæpnum

forsendum hafi ratað alla leið í erindi til ráðuneytis og séu notuð sem rök fyrir affriðlýsingu svæðisins. Landvarðafélagið væntir þess að ráðuneytið taki ekki mark á slíkum vinnubrögðum.

Þá er það ljóst að fallist umhverfis- orku og loftslagsráðherra á umleitan orkubúsins hefur hann skapað hættulegt fordæmi fyrir friðlýst svæði á Íslandi og þeirri vernd sem þeim er ætlað að vernda. Slíkt myndi ekki aðeins grafa undan trausti alls almennings á friðlýsingum heldur vinna gegn markmiðum ráðuneytisins t.a.m. um friðlýsingu 30% land, strand og hafsvæða fyrir 2030 sem það samþykkti fyrir tæpu ári síðan í Montréal. Von félagsins stendur til þess að ráðuneytið sýni samþykktum markmiðum Íslands á alþjóðavísu meiri metnað en svo að ætla að grafa undan þeim á 11 mánuðum.

Umsögn um greinargerð um áhrif Vatnsdalsvirkjunar


Greinargerðin sjálf ber þess merki að vera ófullkomin og aðeins tæpa á yfirborði þeirra umfjöllunarefna sem hún á að ná yfir. Það sætir furðu að slíkt gagn eigi að vera lagt til grundvallar um jafn afdrifaríkar og fordæmisgefandi ákvarðanir líkt og hér er til umræðu.

Í greinargerðinni er jafnframt litlar tilraunir gerðar til þess að meta umfang þeirra skemmda sem gera á á náttúrufyrirbærum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Þá er umfjöllun vistgerðir á svæðinu það rýr að hún lýsir í engu þeim búsvæðum eða vistgerðum sem á svæðinu eru. Auk þess eru lýsingar af gróðurfari svo ófullkomnar að þær sæma á engan hátt vinnubrögðum opinberrar stofnunar. Loks hafa sendendur erindisins ekki haft fyrir því að kanna hvort og þá hvaða friðlýstu æðplöntutegundir kunni að finnast á svæðinu eða tegundir á valista þó svo að þær upplýsingar séu vel aðgengilegar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Verði umrædd greinargerð notuð við ákvarðanir um framtíð Vatnsfjarðar er ljóst að þær muni brjóta í bága við 8. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Niðurstaða

Landvarðafélag Íslands telur þær umleitanir sem Orkubú Vestfjarða stendur í vera fráleitar. Markmið friðlýsinga er í grunninn að vernda að vernda náttúruna fyrir hugmyndum sem þessum. Með affriðlýsingu svæðisins yrði hættulegt fordæmi sett fyrir önnur friðlýst svæði á Íslandi og sú friðhelgi sem þau hafa afnumin. Greinargerð sem lögð er til grundvallar ásamt erindinu byggja á hæpnum fullyrðingum, virðast vera illa unnin og geta ekki orðið grundvöllur umræðu um verndargildi friðlandsins í Vatnsfirði.

Fyrir hönd Landvarðafélags Íslands



Benedikt Traustason, formaður